

Formáli

Fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar fyrir árið 2015 var lögð fram til fyrri umræðu þann 13. nóvember og samþykkt við síðari umræðu ásamt eftirfarandi greinargerð þann 11. desember 2014.

Fjárhagsáætlun ársins 2015 var unnin af öllum bæjarfulltrúum sameiginlega og var samstarfið allt hið ánægjulegasta. Fyrir það ber að þakka. Ennfremur er skrifstofustjóra og öðrum starfsmönnum þakkað framúrskarandi gott samstarf við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2015.

Almennt:

Fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar fyrir árið 2015 er unnin með það að markmiði að íbúum Hveragerðisbæjar verði tryggð besta mögulega þjónusta og að reynt verði eftir fremsta megni að halda álögum í sem bestu samræmi við það sem gerist í samanburðarsveitarfélögum.

Markmið:

Markmið bæjarstjórnar við gerð áætlunarinnar er að skilyrði nýrra sveitarstjórnarlaga verði uppfyllt en í því felst m.a. að:

- Samanlögð rekstrarniðurstaða samstæðu A/B hluta skal vera jákvæð á hverju þriggja ára tímabili.
- Heildarskuldir og skuldbindingar séu ekki hærrí en sem nemur 150% af tekjum.

Forsendur:

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2015 er tekið mið af útkomuspá ársins 2014. Á árinu 2014 var samið um kjarabætur til eins árs en kjarasamningar eru lausir á árinu 2015. Heldur hefur rofað til hvað varðar íbúafjölgun, bygging íbúða er hafin á ný og vonast bæjarstjórn til að áfram fjölgi í bæjarfélaginu á næstu misserum.

- Í fyrri umræðu er gert ráð fyrir óbreyttri útsvarsprósentu eða 14,52%
- Álagningarprósentur fasteignagjalda breytast þannig að fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði (A-flokkur) hækkar úr 0,41% í 0,45% en á móti lækkar vatnsgjald á sömu eignir úr 0,14% í 0,1%. Aðrar forsendur eru óbreyttar frá fyrra ári þannig að greidd fasteignagjöld vegna íbúðarhúsnæðis munu eingöngu hækka um sem nemur hækkun fasteignamats sem er óverulegt.

Breytt reikniregla vegna fasteignamats á atvinnuhúsnæði veldur því að fasteignamat sumra eigna í C-flokki (atvinnuhúsnæði) hækkar mjög umtalsvert á milli ára, aðrar lækka eða standa í stað. Fram er komið frumvarp á Alþingi sem milda á þessi áhrif og ef það verður samþykkt mun hafa áhrif til lækkunar á fasteignaskatti atvinnuhúsnæðis. Þar sem þetta frumvarp er mjög nýlega komið fram mun bæjarstjórn meta áhrif þess á milli umræðna.

- Gert er ráð fyrir að framlag Jöfnunarsjóðs hækki frá áætlaðri niðurstöðu ársins 2014 og byggir áætlun ársins 2015 á rauntölum ársins 2014 og spám Jöfnunarsjóðs.
- Gjaldskrár hækka miðað við verðlagsþróun eða um 2,2% að jafnaði. Í öllum tilfellum er hagrur bæjarbúa hafður að leiðarljósi og hækkunum stillt í hóf eins og mögulegt er. Þó er ljóst að ef frumvarp um breyttan virðisaukaskatt á matvæli nær fram að ganga eins og boðað hefur verið mun þurfa að bregðast við þeirri hækkun annað hvort með hækkun viðkomandi gjaldskráa eða niðurskurði.
- Fjárhagsáætlanir einstakra deilda eru unnar í góðri samvinnu við forstöðumenn stofnana og ber að þakka þann einlæga vilja og jákvæðni sem starfsmenn hafa sýnt við gerð fjárhagsáætlunarinnar. Ætlast er til að forstöðumenn sýni áfram ýrustu hagræðingu bæði í innkaupum og í starfsmannahaldi.

Viðhald og fjárfestingar:

- Lögð er áhersla á endurbætur eigna árið 2015. Ráðast á í viðbyggingu við grunnskólann sem hýsa mun mótuneyti skólans. Með því er bætt úr brýnni þörf á auknu og betra húsnæði fyrir þá starfsemi. Fjármunir eru settir til endurbóta á sundlaugarhúsinu en á árinu mun m.a. verða farið í múrviðgerðir utanhúss og endurbætur á anddyri en þar mun verða sett lyfta sem bæta mun aðgengi fyrir alla. Slitlag verður lagt á veginn inn að framtíðarbílastæði innst í Dalnum. Gert er ráð fyrir yfirlagi á eldri götur í þéttbýlinu ásamt endurbótum á gönguleiðum. Fjármunir eru settir til kaupa á húsnæði en samningaviðræður standa yfir um kaup bæjarfélagsins á efri hæð Mjólkurbúsins. Einnig er gert ráð fyrir kaupum á hjólaskóflu í áhaldahúsinu. Til lækkunar á fjárfestingu ársins

kemur kaupverð sem Ölfusingar greiða fyrir hlut í leikskólanum Óskalandi 32 mkr eins og samið hefur verið um.

Rekstrartölur:

Áætlaðar heildartekjur Hveragerðisbæjar (aðalsjóðs, A- og B- hluta) nema alls kr. 2.019 mkr. fyrir árið 2015. Þar af eru skatttekjur ráðgerðar kr. 1.030 milljónir. Framlög Jöfnunarsjóðs eru áætluð 466 mkr. og aðrar tekjur bæjarsamstæðu eru rétt um 523 mkr. Rekstrargjöld og reiknaðar afskriftir samstæðu nema um 1.841 mkr. Niðurstaða samstæðu án fjármagnsliða er því jákvæð um 177 milljónir sem er 9,1% af tekjum. EBITDA Hveragerðisbæjar er 272 mkr. Fjármagnsliðir eru áætlaðir 131 mkr og er rekstrarniðurstaða samstæðu því jákvæð um 46 mkr. Gert er ráð fyrir 2,7% verðbólgu á árinu 2015. Samanlögð rekstrarniðurstaða áráanna 2013, 2014 og 2015 verður því jákvæð um 140 mkr sem er í fullu samræmi við ákvæði nýrra sveitarstjórnarlaga.

Skuldir og skuldbindingar:

Afborganir langtímalána verða rúmlega 161 mkr og tekin ný lán munu nema 70 mkr á árinu 2015. Í lok árs 2015 verða langtímaskuldir samstæðu 2.166 mkr. Þar af er lífeyrisskuldbinding sveitarsjóðs 424 mkr og skuldbindingar vegna leigugreiðslna í Sunnumörk 276 mkr. Skuldir og skuldbindingar Hveragerðisbæjar í lok ársins 2015 munu verða 122% af árstekjum samkvæmt útkomuspá. Skv. fjármálareglum sveitarfélaga er heimilt að draga frá skuldum skuldbindingu vegna lífeyris sem fellur til eftir 15 ár og síðar. Sé það gert myndi skuldahlutfallið batna enn frekar og verða 113%. Er skuldastaða sveitarfélagsins því vel undir skuldþakinu sem lögfest hefur verið í nýjum sveitarstjórnarlögum og batnar hlutfallið með hverju árinu sem líður eins og best sést á 3. ára áætlun sem hér verður lögð fram á eftir.

Samstarf og samvinna

Fjárhagsáætlanir einstakra deilda eru unnar í góðri samvinnu við forstöðumenn stofnana og ber að þakka þann einlæga vilja og jákvæðni sem starfsmenn hafa sýnt við gerð fjárhagsáætlunarinnar. Ætlast er til að forstöðumenn sýni áfram ýtrustu hagræðingu bæði í innkaupum og í starfsmannahaldi.

Fyrirvari

Greinargerðin er birt með fyrirvara um villur sem í henni kunna að leynast.

Málaflokkar

00 Skatttekjur

Gert er ráð fyrir að heildarskatttekjur muni þróast með eftirfarandi hætti;

| Ársreikningur 2013 | Fjárhagsáætlun 2014 | Fjárhagsáætlun 2015 |
|--------------------|---------------------|---------------------|
| 1.365.655.000 | 1.397.629.000 | 1.528.582.000 |
| Íbúafj. 1.12.2012 | Íbúafj. 1.12.2014 | Væntur íbúafj. 2015 |
| 2283 | 2301 | 2362 |

Hækkun skatttekna frá fjárhagsáætlun 201 verður því um 8,56%.

00-01 Útsvar

Útsvarstekjur hafa þróast með eftirfarandi hætti;

| Ársreikningur 2013 | Fjárhagsáætlun 2014 | Fjárhagsáætlun 2015 |
|--------------------|---------------------|---------------------|
| 767.837.000. | 793.312.000 | 833.837.000 |

Í áætlun bæjarsjóðs er gert ráð fyrir hækkun útsvarstekna í samræmi við áætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga og í ljósi væntrar niðurstöðu ársins 2014.

Álagningarprósenta útsvars verður fullnýtt eða 14,52%.

00-06 Fasteignaskattur

Fasteignaskattur hefur þróast með eftirfarandi hætti:

| Ársreikningur 2013 | Fjárhagsáætlun 2014 | Fjárhagsáætlun 2015 |
|--------------------|---------------------|---------------------|
| 162.130.000 | 165.739.000 | 179.811.000 |

Ekki er hér tekið tillit til áætlaðra lækkana vegna ellilífeyrisþega og öryrkja samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar en þess í stað eru þær lækkanir færðar á liðinn 02-47 - Niðurgreidd þjónusta.

Álögur á íbúðaeigendur munu eingöngu hækka um sem nemur hækkun fasteignamats. Breyting er gerð á innbyrðis prósentum A-flokks en það

hefur ekki áhrif á heildarálagninguna. Álagningarprósenta fasteignaskatts í A-flokki verður 0,450% en í staðinn lækkar álagningarprósenta vatnsskatts til samræmis. Álagningarprósenta í C-flokki verður áfram óbreytt. Rétt er að vekja athygli á frumvarpi sem liggur fyrir Alþingi þar sem gerð er tillaga um að breyting fasteignamats sem boðuð hafði verið á eignir í C-flokki taki ekki gildi að fullu fyrr en árið 2017.

Álagningarprósentur fasteignaskatts verða með eftirfarandi hætti árið 2015:

| | |
|---------------------------------------|--------|
| Fasteignaskattur á húsnæði í A-flokki | 0,450% |
| Fasteignaskattur á húsnæði í B-flokki | 1,320% |
| Fasteignaskattur á húsnæði í C-flokki | 1,625% |

Álagning á íbúðarhúsnæði má að hámarki vera 0,500% og 1,320% á aðrar fasteignir. Heimilt er að hækka álagningarhlutfallið í 0,625% á íbúðarhúsnæði og 1,650% á aðrar fasteignir og því fer fjarri að Hveragerðisbær fullnýti þá möguleika sem eru á álagningu fasteignaskatts.

00-08 Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

Í heildarframlagi ársins 2015 er gert ráð fyrir framlagi til reksturs grunnskóla kr. 76,9 mkr og er þar um umtalsverða hækkun að ræða frá fjárhagsáætlun 2014. Þjónustuframlag verði 137 mkr og framlag vegna tekjujöfnunar 117 mkr. og framlag vegna málefna fatlaðra 82 mkr. Gert er ráð fyrir nokkurri aukningu á útgjaldajöfnunarframlagi og miðast það við rauntölur 2014.

Mikil óvissa ríkir um endanleg framlög Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna en það fjármagn sem sjóðurinn hefur til úthlutunar endurspeglar tekjur ríkissjóðs sem erfitt hefur verið áætla þessi misserin.

Heildarframlög Jöfnunarsjóðs hafa þróast með eftirfarandi hætti:

| Ársreikningur 2013 | Fjárhagsáætlun 2014 | Fjárhagsáætlun 2015 |
|--------------------|---------------------|---------------------|
| 390.790.000 | 392.502.000 | 466.282.000 |

00-35 Lóðarleiga

Lóðarleiga hefur þróast með eftirfarandi hætti:

| Ársreikningur 2013 | Fjárhagsáætlun 2014 | Fjárhagsáætlun 2015 |
|--------------------|---------------------|---------------------|
| 44.898.000 | 46.076.000 | 48.652.000 |

Álagningarprósentur lóðarleigu verða óbreyttar frá fyrra ári og verða með eftirfarandi hætti árið 2015:

| | |
|--------------------------------------|--------|
| Lóðarleiga á húsnæði í A-flokki | 1,000% |
| Lóðarleiga á húsnæði í B og C flokki | 1,700% |

02 Félagsþjónusta

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

| Ársreikningur 2013 | Fjárhagsáætlun 2014 | Fjárhagsáætlun 2015 |
|--------------------|---------------------|---------------------|
| 177.114.000 | 187.783.000 | 218.470.000 |

Verkefni félagsþjónustu Hveragerðisbæjar eru skilgreind í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, þjónusta, aðstoð og ráðgjöf í tengslum við málaflokka eins og félagslega ráðgjöf, fjárhagsráðgjöf, félagslega heimþjónustu, málefni barna og unglinga, þjónustu við aldraða og fatlaða, húsnæðismál, aðstoð við áfengissjúka og vímuegjafavarnir.

Árið 2011 tók gildi samningur um sameiginlega Velferðarþjónustu sveitarfélaga í Árnessýslu utan Árborgar, Velferðarþjónusta Árnesþings. Árið 2014 var samkomulag sveitarfélaganna útvíkkað og tekur það nú einnig til sérfræðiþjónustu skóla.

Heitir samstarfið nú Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings. Forstöðumaður er María Kristjánsdóttir og sinnir hún yfirstjórn málaflokksins á svæðinu. Auk hennar hefur verið ráðinn til starfa hjá Velferðarþjónustunni sérfræðingur í málefnum fatlaðra. Félagsráðgjafi starfar hjá Hveragerðisbæ í 100% stöðu sem sinnir nærþjónustu við bæjarbúa. Hveragerðisbær sér um fjármálalega umsýslu og bókhald fyrir Skóla- og velferðarþjónustuna. Kostnaður skiptist hlutfallslega á

milli aðildarsveitarfélaga, velferðarhlutinn bókast á 02 en skólaþjónustan á 04.

Skólaþjónustu- og velferðarnefnd er sameiginleg á svæðinu og fundar hún reglulega.

Á þennan málaflokk færast kostnaður vegna reksturs Heimilisins við Birkimörk sem nú er á forræði Hveragerðisbæjar.

02-02 Félagsmálastjóri

Á þennan lið er bókaður kostnaður vegna Velferðarþjónustu Árnespings ásamt kostnaði við félagsráðgjafa Hveragerðisbæjar.

02-11 Fjárhagsaðstoð

Miðað er við reglur um fjárhagsaðstoð sem samþykktar voru á fundi Velferðarnefndar Árnespings á haustmánuðum 2012.

| Ársreikningur 2013 | Fjárhagsáætlun 2014 | Fjárhagsáætlun 2015 |
|--------------------|---------------------|---------------------|
| 16.410.000 | 17.000.000 | 17.000.000 |

02-18 Niðurgreidd daggjöld leiksskóla

Veittur er afsláttur vegna systkina, námsmanna og einstæðra foreldra á daggjöldum leiksskóla og er hann færður til kostnaðar á félagsþjónustu.

02-19 Húsaleigubætur

Greiðslur húsaleigubóta byggja á lögum nr. 138/1997. Markmið laganna er að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda og draga úr aðstöðumun á húsnæðismarkaðnum.

Reglugerð nr. 9/2000 greinir frá rétti leigjenda til húsaleigubóta. Sérstakar húsaleigubætur voru teknar upp árið 2008.

| Ársreikningur 2013 | Fjárhagsáætlun 2014 | Fjárhagsáætlun 2015 |
|--------------------|---------------------|---------------------|
| 10.823.000 | 10.976.000 | 12.644.000 |

02-3 Þjónusta við börn og unglinga.

Undir þennan lið bókast kostnaður vegna barnaverndarmála og vistunar barna utan heimilis.

| Ársreikningur 2013 | Fjárhagsáætlun 2014 | Fjárhagsáætlun 2015 |
|--------------------|---------------------|---------------------|
| 8.399.636 | 9.080.000 | 9.832.000 |

02-4 Þjónusta við aldraða.

Árið 2015 er heimilað að 4,3 stöðugildum starfi í heimilishjálpi fyrir aldraða.

Hveragerðisbær og Félag eldri borgara í Hveragerði gerðu með sér samkomulag um aðkomu Hveragerðisbæjar að eflingu félagsstarfs aldraða. Sérstakur þjónustusamningur var gerður utanum samstarf bæjarins og Félags eldri borgara árið 2003.

Á árinu 2006 var opnuð dagvistun aldraða að Lækjarbrún 9 en áður var í gildi samningur við Dvalarheimilið Ás um dagvistunina. Árið 2007 fékkst samþykki ríkisins fyrir greiðslu 5 dagvistarplássna. Árið 2009 var ákvörðun tekin um yfirtöku Dvalarheimilisins Ás á rekstri Dagvistunar skv. sérstökum samningi þar um. Um leið keypti Dvalarheimilið Ás gömlu bæjarskrifstofuna og rekur þar dagdvölinna ásamt hjúkrunar- og hvíldarrýmum. Ríkið greiðir framlag vegna dvalar 5 einstaklinga í dagdvöl.

Tekjutenging fasteignaskatts ellilífeyrisþega var tekin upp á árinu 2003 en árið 2004 bættist einnig við tekjutenging holræsagjalds hvað þessa hópa varðar. Afsláttur elli- og örorkulífeyrisþega á fasteignagjöldum færist á þennan lið. Gert er ráð fyrir að sú upphæð geti numið allt að 7,5 mkr..

Einnig færist á þennan lið kostnaður vegna leigubílaþjónustu aldraða kr. 435 þúsund.

Sækja þarf sérstaklega um sláttþjónustu til félagsmálastjóra sem metur hvort viðkomandi þurfi á slíkri þjónustu að halda. Sé heimild veitt þarf viðkomandi einstaklingur að framvísa kvittun fyrir slættinum á bæjarskrifstofu til að fá hann greiddan. Greitt er fyrir fjóra slætti á hverju heimili.

Á árinu 2015 er gert ráð fyrir sérstöku framlagi til Félags eldri borgara kr. 5 mkr svo gera megi brunaútgang frá annarri hæð félagsaðstöðu þeirra. Heildarframlög til málefna aldraða eru samkvæmt eftirfarandi töflu.

| Ársreikningur 2013 | Fjárhagsáætlun 2014 | Fjárhagsáætlun 2015 |
|--------------------|---------------------|---------------------|
| 34.928.000 | 35.190.000 | 42.760.000 |

02-5 Þjónusta við fatlaða.

Á árinu 2007 var opnað heimili fatlaðra í Hveragerði en Hveragerðisbær sér um ferðaþjónustu fatlaðra í sveitarfélaginu. Bifreið var keypt árið 2007 og bílstjóri ráðinn til að sinna ferðaþjónustu vegna sambýlisins. Einnig sinnir bílstjórinn akstri til og frá dagdvöl. Gert er ráð fyrir um það bil 1 stöðugildi í félagslega liðveislu fyrir fatlaða en vinnan er yfirleitt unnin utan hefðbundins vinnutíma.

Þann 1. janúar 2011 fluttust málefni fatlaðs fólks til sveitarfélaganna á grundvelli samnings sem undirritaður var milli ríkis og sveitarfélaga þann 23.nóvember 2010. Sveitarfélög á Suðurlandi að Höfn og Vestmannaeyjum undanskyldum hafa myndað sameiginlegt þjónustusvæði og hefur Árborg tekið að sér umsjó á mörögum þeim málum sem áður var sinnt af Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra. Sérstakt þjónusturáð hefur verið skipað og sér það um daglega umsjón með málefnum fatlaðra á svæðinu. Formaður þjónusturáðs er María Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Hveragerðisbær tók við rekstri heimilisins að Birkimörk þann 1. janúar 2011 en þar búa 5 einstaklingar sem þurfa sérhæfða þjónustu allan sólarhringinn. Á árinu 2012 keypti Hveragerðisbær húsnæði Heimilisins.

Árið 2015 er heimilað að í Birkimörk verði 9,57 stöðugildi.

Í 24. gr. og 35. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra er gert ráð fyrir að sveitarfélög skuli eftir föngum gefa fötluðum kost á félagslegri liðveislu. Með liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem miðar að því að rjúfa félagslega einangrun t.d. með aðstoð til að njóta menningar og félagslífs.

Heildarkostnaður vegna málefna fatlaðs fólks hefur þróast með eftirfarandi hætti:

| Ársreikningur 2013 | Fjárhagsáætlun 2014 | Fjárhagsáætlun 2015 |
|--------------------|---------------------|---------------------|
| 90.163.000 | 96.577.000 | 116.361.000 |

04 Fræðslumál.

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

| Ársreikningur 2013 | Fjárhagsáætlun 2014 | Fjárhagsáætlun 2015 |
|--------------------|---------------------|---------------------|
| 610.586.000 | 597.724.000 | 683.851.000 |

04-01 Fræðslunefnd

Fræðslunefnd hefur heimild fyrir 6 fundum á árinu í fjárhagsáætlun.

04-02 Skólaskrifstofa Suðurlands bs.

Skólaskrifstofa Suðurlands bs. hætti starfsemi þann 31. desember 2013. Skóla- og velferðarþjónusta Árneshöfna hefur tekið yfir þau verkefni sem Skólaskrifstofa Suðurlands annaðist. Það er: sálfræðiþjónusta, kennslufræðileg ráðgjöf (leik- og grunnskóla) og endurmenntun kennara og skólastjórnenda. Ráðnir hafa verið verið 3 starfsmenn til að sinna þessari þjónustu. Verktakasamningur hefur verið gerður við talméinafræðing sem sinnir þjónustu á því sviði við leik- og grunnskólabörn í Hveragerði. Undir þennan lið færast nú einnig kostnaður vegna ART verkefnis en sveitarfélög greiða þangað bæði fast framlag og fyrir notkun þjónustunnar. Gert er ráð fyrir svipaðri nýtingu ART teymis og var árið 2014.

04-10 Dagvistir barna

Í Hveragerði eru reknir tveir leikskólar, Undraland og Óskaland. Starfsemi skólanna er með hefðbundnum hætti og er unnið eftir uppeldisáætlun Menntamálaráðuneytisins. Unnið er eftir því markmiði að öllum börnum 18 mánaða og eldri bjóðist leikskóladvöl.

Opnunartími Undralands er frá kl. 8-16 en opnunartími Óskalands er frá 8 – 17. Foreldrar geta keypt 15 mínútna vistun fyrir og eftir umsaminn vistunartíma.

Hækkun matar- og leikskólagjalda er haldið í lágmarki en þau hækka um sem nemur áætlaðri vísitöluhækkun síðastliðins árs, eða 2,2%.

Elsti árgangur leikskólans fær 4 stundir gjaldfrjálsar á dag og systkinaafsláttur gildir þvert á skólastig eða á milli dagmæðra, leikskóla og skólasels þar sem annað systkini fær 30% afslátt og gjaldfrjálst er fyrir önnur systkini eldri.

Fyrir auka korterin er greitt sérstaklega og mun eitt slíkt á dag kosta kr. 1.740 pr mánuð og klukkustundin milli 16 og 17 kr. 6.960,- pr. mánuð þar sem sú vistun fer fram utan hefðbundins dagvinnutíma. Reglur voru settar árið 2010 varðandi innritun og gjöld á leikskólum bæjarins og þar eru afsláttarkjör einnig tilgreind.

Sumarfrí leikskólanna verði samfellt í 5 vikur og mun það skarast um tvær vikur árið 2015.

Gjald fyrir dagvistun frá 1.1. 2015 er sem hér segir;

| | |
|---------------------------------|--------|
| 4 klst. + hressing | 13.940 |
| 5 klst. + hressing + hádegi | 22.080 |
| 6 klst. + hressing + hádegi | 25.110 |
| 8 klst. + hressing x 2 + hádegi | 32.970 |
| 9 klst. + hressing x 2 + hádegi | 39.930 |

04-11 Leikskólinn Undraland

Rekstrarkostnaður Undralands hefur þróast með svofelldum hætti;

| Ársreikningur 2013 | Fjárhagsáætlun 2014 | Fjárhagsáætlun 2015 |
|--------------------|---------------------|---------------------|
| 63.123.000 | 59.936.000 | 66.490.000 |

- 0990-1 Endurgreiðsla Sveitarfélagsins Ölfuss. Reiknað er með að 7 barngildi verði nýtt fyrir börn úr Ölfusi að meðaltali á Undralandi á árinu 2015.
- 1110-1 Heimiluð stöðugildi eru 16,2. Gert ráð fyrir að þar af verði 6 leikskólakennarar eða starfsmenn með sambærilega menntun í 5,37 stöðugildum.

Gert er ráð fyrir að taka upp skráningarkerfið Mentor í leikskólum Hveragerðisbæjar árið 2015. Ennfremur er veitt til fjármunum til leigu á tölvum á hverja deild leikskólanna. Gert er ráð fyrir að þær tengist netinu með lausum búnaði.

04-12 Leikskólinn Óskaland

Á miðju ári 2004 var tekið í notkun nýtt húsnæði fyrir leikskólann Óskaland. Stækkaði hann þá úr einnar deildar leikskóla í tveggja deilda. Á árinu 2007 var byggingin fullkláruð með tilkomu tveggja nýrra deilda við skólann.

Rekstrarkostnaður Óskalands hefur þróast með svofelldum hætti;

| Ársreikningur 2013 | Fjárhagsáætlun 2014 | Fjárhagsáætlun 2015 |
|--------------------|---------------------|---------------------|
| 107.454.000 | 106.340.000 | 119.254.000 |

- 0990-1 Endurgreiðsla Sveitarfélagsins Ölfuss. Reiknað er með að 4 barngildi verði nýtt fyrir börn úr Ölfusi að meðaltali á Óskalandi á árinu 2015.
- 1110-1 Launakostnaður. Heimiluð stöðugildi eru 23,02. Gert er ráð fyrir að þar af séu 11 leikskólakennarar eða starfsmenn með sambærilega menntun í 9,29 stöðugildum.

Gert er ráð fyrir að taka upp skráningarkerfið Mentor í leikskólum Hveragerðisbæjar árið 2015. Ennfremur er veitt til fjármunum til leigu á tölvum á hverja deild leikskólanna. Gert er ráð fyrir að þær tengist netinu með lausum búnaði.

04-17 Dagmæður

Í ársbyrjun 2006 voru teknar upp niðurgreiðslur daggjalda barna sem vistuð eru hjá dagmæðrum. Gert er ráð fyrir svo til óbreyttum framlögum til þessa liðar.

04-23 Námsvistargjöld

Á þennan lið færast kostnaður Hveragerðisbæjar vegna greiðslna sem bærinn þarf að inna af hendi vegna barna með lögheimili í Hveragerði sem stunda nám í grunnskólum utan lögheimilissveitarfélags.

04-24 Grunnskólinn í Hveragerði

Grunnskólinn var einsettur haustið 2002. Útgjöld til hans hafa þróast með eftirfarandi hætti:

| Ársreikningur 2013 | Fjárhagsáætlun 2014 | Fjárhagsáætlun 2015 |
|--------------------|---------------------|---------------------|
| 394.873.000 | 372.782.000 | 431.984.000 |

- 0540-1 Sala matarmiða í mötuneyti. Gert er ráð fyrir 2,7% hækkun á matarmiðum til að mæta verðlagshækkunum undanfarins árs. Hver máltíð mun því kosta kr. 370,-. Hækkunin mun ekki koma til framkvæmda fyrr en við upphaf næsta skólaárs.

- 0990-1 Endurgreiðsla Sveitarfélagsins Ölfuss, en alls stunda nú 32 börn úr Ölfusi nám í grunnskólanum.
- 1110-1 Árið 2015 eru heimiluð stöðugildi við grunnskólann 54,8 Stöðugildi fyrir utan kennara og skólastjórnendur eru 17,22 sem greinist þannig; stuðningsfulltrúar 7,3 ritari 1,0, þroskaþjálfari 1,5 húsvörður 1,0 matráðskona 2,0 og skólaliðar 4,42. Aðalstörf skólaliða er gæsla í frímínútum, vinna í tengslum við mötuneyti og ræstingar. Aðalstörf stuðningsfulltrúa aðstoð við einstaka nemendur í skólastarfinu og gæsla í frímínútum. Árið 2015 eru heimiluð stöðugildi kennara að meðtöldum stöðugildum skólastjóra og deildarstjórum 37,6.

Gjaldfærð afnot af íþróttahúsi og sundlaug taka mið af raunkostnaði við rekstur umræddra mannvirkja.

04-31 Frístundaskóli

Frístundaskóli var settur á laggirnar í upphafi skólaársins 2000-2001. Frístundaskólinn er rekinn á ábyrgð grunnskólans í húsnæði Kvenfélags Hveragerðis við Fljótsmörk sem Hveragerðisbær hefur á leigu til 10 ára. Viðbótarhúsnæði fyrir Frístundaskólann að Þórsmörk 1A var tekið í notkun á árinu 2014. Gert er ráð fyrir breytingu á fyrirkomulagi innheimtu gjalda við frístundaskólann er taka mun gildi við upphaf næsta skólaárs. Bæjarstjórn mun samþykkja nýjar reglur fyrir þann tíma. Gjaldskrárbreytingar taka þar af leiðandi ekki gildi fyrr en við upphaf næsta skólaárs.

Í Frístundaskóla er boðið uppá hressingu og er greitt fyrir hana sérstaklega kr. 130,-. Breyting gæti orðið á fyrirkomulagi innheimtu og gjaldskrár við upphaf næsta skólaárs.

Systkinaafsláttur gildir á milli dagmæðra, leikskóla og frístundaskóla.

Gert er ráð fyrir kostnaði 3,4 mkr sem fellur til vegna aksturs nemenda úr Frístundaskóla í Hamarshöll en börnin eru keyrð fram og til baka á æfingar með langferðabifreið.

Alls eru heimiluð 3,36 stöðugildi í frístundaskóla árið 2015. Gert er ráð fyrir að 97 börn sækji frístundaskóla.

04-51 Tónlistarskóli

Hveragerðisbær er aðili að Tónlistarskóla Árnesinga og verður kostnaðarhlutdeild í samræmi við fjárhagsáætlun skólans. Gerður hefur verið samningur við Tónsmiðju Suðurlands um starfsemi skólans í

Hveragerði og til þess eru settar 1,8 mkr. Á árinu 2011 tók gildi samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um yfirtöku ríkisins á kennslukostnaði vegna nemenda á mið og efsta stigi söngnáms og efsta stigi almenns tónlistarnáms. Er þar með langþráðum áfanga náð í þessu máli.

| Ársreikningur 2013 | Fjárhagsáætlun 2014 | Fjárhagsáætlun 2015 |
|--------------------|---------------------|---------------------|
| 21.165.000 | 24.132.000 | 24.132.000 |

05 MENNINGARMÁL

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

| Ársreikningur 2013 | Fjárhagsáætlun 2014 | Fjárhagsáætlun 2015 |
|--------------------|---------------------|---------------------|
| 46.470.000 | 49.455.000 | 53.242.000 |

05-21 Bókasafnið í Hveragerði

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

| Ársreikningur 2013 | Fjárhagsáætlun 2014 | Fjárhagsáætlun 2015 |
|--------------------|---------------------|---------------------|
| 27.736.000 | 28.449.000 | 30.497.000 |

Forstöðumaður er í 0,8 stöðugildi og bókaferðir í 1,8 stöðugildi við safnið.

Gert er ráð fyrir að rekstur safnsins verði áfram með svipuðu sniði, fjármagn til bókaþaua og þaua á nýsigögnum verður 2,3 mkr. Á liðinn annar rekstrarkostnaður er settur kr. 200 þús sem getur nýst til menningaraukandi starfsemi að vali forstöðumanns. Á liðnum „Viðhald áhalda“ er gert ráð fyrir endurbótum á tölvukosti safnsins, innanstokksmunum og endurbótum á gólfi safnsins samtals 1,5 mkr

05-31 Héraðsskjalasafn Árnassýslu

Framlagið er í samræmi við samþykkt Héraðsnefndar.

05-33 Byggða- og listasafn

Framlagið er í samræmi við samþykkt Héraðsnefndar.

05-72 Hátíðahöld

Á þennan útgjaldalið er færður kostnaður vegna hátíðarhalda t.d. Blómstrandi daga, 17. júní og fleiri. Bæjarhátíðin Blómstrandi dagar hefur fyrir löngu fest sig í sessi sem hápunktur sumarstarfs bæjarbúa og verður haldin aðra helgi eftir Verslunarmannahelgi eða 14.-16. ágúst 2015.

Framlög til einstakra hátíða verða með eftirfarandi hætti:

| | |
|----------------------|-------------|
| Blómstrandi dagar | 2.000.000,- |
| 17. júní | 700.000,- |
| Sumardagurinn fyrsti | 200.000,- |

05-81 Leikfélag

Gerður hefur verið þjónustusamningur við Leikfélag Hveragerðis sem m.a. tryggir félaginu fast fjárframlag auk niðurfellingar fasteignagjalda og framlags vegna verka sem innt verða af hendi.

05-95 Menningarsamningur Suðurlands

Framlag Hveragerðisbæjar til menningarsamnings Suðurlands er kr. 930 þúsund.

05-99 Ýmsir styrkir

Samningur er í gildi milli Listasafns Árnesinga og Hveragerðisbæjar sem tryggir samstarf þessara aðila. Gert ráð fyrir 4,391 mkr. framlagi til safnsins á árinu. Í gildi er samningur við Listvinafélag Hveragerðis og er framlag til þess kr. 500 þúsund á árinu 2015. Bæjarstjórn hefur ákveðið að verða þátttakandi í verkefninu um bókabæi austanfjalls og leggur til verkefnisins kr. 480 þúsund en gert er ráð fyrir ráðningu starfsmanns í hlutastarf.

06 ÆSKULÝÐS- OG ÍPRÓTTAMÁL

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

| | | |
|--------------------|---------------------|---------------------|
| Ársreikningur 2013 | Fjárhagsáætlun 2014 | Fjárhagsáætlun 2015 |
| 151.595.000 | 158.851.000 | 152.124.000 |

06-01 Menningar, íþrótt- og frístundanefnd

Gert er ráð fyrir að Menningar, íþrótt- og frístundanefnd fundi eigi sjaldnar en 5 sinnum á ári.

Til sérstakra nota nefndarinnar eru settar 800 þúsund sem skiptast á eftirfarandi verkefni:

| | |
|---------------------|---------|
| Sumarbæklingur | 150.000 |
| Íþróttamaður ársins | 100.000 |
| Afrekssjóður | 300.000 |
| Önnur verkefni | 250.000 |

Gert er ráð fyrir að greiðsla frístundastyrkja til allra barna og ungmenna yngri en 18 ára hefjist á árinu 2015. Greiðslan mun nema kr. 12.000,- pr. barn á ári.

06-02 Menningar- og frístundafulltrúi

Menningar, íþrótt og frístundafulltrúi er í 100% stöðu hjá Hveragerðisbæ. Menningar- og frístundafulltrúi er forstöðumaður sundlaugar og íþróttahúsa bæjarins.

06-20 Gæsluvöllur

Gert er ráð fyrir að gæsluvöllur fyrir yngri börn verði rekinn sumarið 2015.

06-27 Sumarnámskeið barna og unglinga

- Frá og með sumrinu 2015 færast kostnaður vegna vinnuskóla á umhverfismál málaflökk 11.

Við þetta lækka framlög til æskulýðs- og íþróttamála sem því nemur. Í staðinn færast hér kostnaður vegna sumarnámskeiða fyrir yngri börn sem tryggir þeim örugga afþreyingu frá 8-17 alla virka daga.

Áður var kostnaður vegna þessa námskeiðs bæði færður á vinnuskóla og greiddur af Íþróttafélaginu Hamri. Hér því gert ráð fyrir því að Hveragerðisbær sjái um sumarnámskeiðið. Framlag til Hamars mun lækka sem því nemur.

06-31 Félagsmiðstöð

Félagsmiðstöð grunnskólabarna er rekin í húsnæði skólans og undir yfirstjórn menningar- og frístundafulltrúa. Gert er ráð fyrir að opið verði

tvo seinniparta í viku fyrir miðstig og tvö kvöld vikunnar fyrir unglíngastígið.

06-50 Íþróttamiðstöð - sameiginlegur kostnaður

Frá 1. janúar 2015 færirst allur launakostnaður íþróttamannvirkja á viðkomandi stofnun en áður voru öll laun færð á þennan lið.

06-51 Íþróttahús

Gert er ráð fyrir óbreyttri starfsemi í íþróttahúsi. Stöðugildi eru 3,17

- 0740-1 Reiknuð afnot skóla. Á þennan lið eru færð áætluð not grunnskólans.
- 0770-1 Reiknaðar tekjur frá íþróttafélagi. Á þennan lið eru færð áætluð not Íþróttafélagsins Hamars.

06-55 Sundlaug

- 0570-1 Aðgangseyrir.

Stök skipti í sund hækka með vísitölu en afsláttarkort og árskort hækka ekki á milli ára.

| | Stakt skipti | 10 miða kort | Árskort |
|-------------------|---------------------|---------------------|----------------|
| Fullorðnir | 620 | 3.650 | 28.000 |
| Börn | 200 | 1.200 | |

Stöðugildi eru 6.

Frá og með 1. júlí 2006 hafa börn og ungmenni að 18 ára aldri sem búsett eru í Hveragerði fengið ókeypis aðgang að sundlauginni í Laugaskarði. Frá og með 1. desember 2006 hafa einnig þau börn og ungmenni sem búsett eru í Ölfusi en stunda nám við Grunnskólann í Hveragerði notið sömu réttinda.

- 0740-1 Reiknuð afnot skóla. Á þennan lið eru færð áætluð not grunnskólans af sundlauginni.
- 0770-1 Reiknaðar tekjur frá íþróttafélagi. Á þennan lið eru færð áætluð not Íþróttafélagsins Hamars.
- 0790-1 Sundfata- og handklæðaleiga.
- Gert verður tilraun með aukinn opnunartíma sundlaugar á árinu og mun hún opna 15 mínútum fyrr á morgnana, eða kl. 6:45. Annar opnunartími verður óbreyttu. Lokar því sundlaugin kl. 20:30

mánudaga til fimmtudags. Á föstudögum er lokað kl. 17:30. Laugardaga og sunnudaga er opið milli kl. 10 og 17:30. Lengri opnunartími er á sumrin en þá er opið á virkum dögum frá kl. 7 – 20:30 en um helgar 10 - 19. Möguleikar eru gefnir til rýmri opnunartíma yfir sumarmánuðina sem betur hentar þeim mikla fjölda ferðamanna sem sækir sundlaugina.

06-56 Hamarshöll - Aðstöðuhús

Árið 2009 var nýtt aðstöðuhús við Grýluvöll tekið í notkun. Það hýsir tvo stóra búningaklefa auk dómarahebergis með baðaðstöðu, boltageymslu, skrifstofu og ýmiss annars nauðsynlegs rýmis.

Í nóvember 2012 var Hamarshöllin tekin í notkun, loftborið íþróttahús. Þar gervigrasvöllur í hálfri stærð, íþróttagólf fyrir fjölbreytta notkun og púttvöllur og æfingaaðstaða fyrir golfara. Auk þess er í húsinu starfsmannaaðstaða og salernisaðstaða.

Opnunartími hússins er á milli 14 og 21 á virkum dögum og eftir samkomulagi um helgar. Starfsmannahald tekur mið af þessum opnunartíma en getur breyst með aukinni notkun.

Undir þennan lið fellur húsaleiga greidd Fasteignafélagi Hveragerðisbæjar v. Hamarshallar og annar rekstrarkostnaður vegna mannvirkjana. Stöðugildi í Hamarshöll/aðstöðuhúsi eru 2.

Gert er ráð fyrir að tekjur vegna leigu til þriðja aðila verði 2,5 mkr en mikil eftirspurn hefur verið eftir tímum í höllinni til ýmissa nota.

06-61 Íþróttavellir

Undir þennan lið fellur kostnaður við rekstur íþróttavalla annarsvegar á Vorsabæjarvöllum og hinsvegar undir Hamrinum, vestan Dynskóga.

- 0770-1Reiknaður tekjur frá íþróttafélagi. Á þennan lið eru færð áætluð not íþróttafélagsins Hamars.
- 4660-1Gert er ráð fyrir kostnaði sem felst í nauðsynlegum endurbótum á búnaði og viðhaldi vallanna.
- 4980-1Aðkeypt vinna. Golfklúbbur Hveragerðis sér um að slá völlinn á Vorsabæjarvöllum og völlinn undir Hamrinum skv. sérstökum samningi.

06-81 Íþróttafélagið Hamar

- 9240-1Reiknuð afnot íþróttamannvirkja. Framlagið er reiknuð afnot íþróttafélagsins Hamars af Hamarshöll, íþróttahúsi, sundlaug, íþróttavöllum og aðstöðuhúsi Hveragerðisbæjar.
- 9420-1Framlag til íþróttastarfs. Beinn fjárstuðningur til íþróttafélagsins Hamars mun nema kr. 6.650.000. Er það samkvæmt samningi sem í gildi er milli Hveragerðisbæjar og

Hamars. Lækkar upphæðin í samræmi við það að Hveragerðisbær mun nú sjá um lengri tómstundanámskeið á sumrin.

06-84 Hestamannafélagið Ljúfur

Þjónustusamningur við Hestamannafélagið Ljúf rann út um síðustu áramót og er unnið að endurskoðun hans Þrátt fyrir það er hér gert ráð fyrir beinum fjárstuðningi kr. 300 þúsund. Auk þessa er gert ráð fyrir framlagi til niðurfellingar fasteignagjalda og vinnu frá áhaldahúsi.

06-84 Stykir til Golfklúbbs Hveragerðis

Þjónustusamningur við Golfklúbb Hveragerðis er í gildi og í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir fjárstyrk til Golfklúbbs Hveragerðis kr. 3,8 mkr, innan þeirrar upphæðar er gert ráð fyrir framlagi til félagsins vegna námskeiða fyrir börn og unglinga. Auk þess er gert ráð fyrir framlagi frá áhaldahúsi og vinnuskóla. samkvæmt drögum að nýjum samningi.

07 BRUNAMÁL OG ALMANNAVARNIR

Útgjöld málaflokksins hafa þróast á svofelldan hátt;

| Ársreikningur 2013 | Fjárhagsáætlun 2014 | Fjárhagsáætlun 2015 |
|--------------------|---------------------|---------------------|
| 22.830.000 | 25.504.000 | 26.710.000 |

Á vormánuðum 2011 samþykkti bæjarstjórn Hveragerðisbæjar að gerast aðilar að Brunavörnum Árnessýslu. Engin breyting hefur orðið á þjónustu við bæjarbúa og mælist þessi sameining almennt vel fyrir. Vegna þessa sér Hveragerðisbær ekki lengur um rekstur slökkviliðs eða slökkvistöðvar heldur greiðir árlegt framlag til Brunavarna í samræmi við ákvarðanir fulltrúaráðs þar sem Hvergerðingar eiga einn fulltrúa. Framlag sveitarfélaga til Brunavarna Árnessýslu skiptist samkvæmt íbúafjölda og að hluta skv. brunabótamati fasteigna í sveitarfélaginu.

07-21 Slökkvistöð

Framlag til Brunavarna er fært á þennan lið. Hækkun er 8,5% á þessum lið sem er í samræmi við ákvörðun Héraðsnefndar Árneseinga.

07-41 Almannavarnanefnd

Almannavarnanefndir í Árnessýslu hafa verið sameinaðar í eina nefnd en gert er ráð fyrir öðrum rekstrarkostnaði við málaflokkinn kr. 580 þúsund.

07-83 Framlög til skáta

Nýir þjónustusamningar við bæði Hjálparveit Skáta og Skátafélagið Strók hafa verið samþykktir. Í þeim er HSSH tryggt framlag uppá 1.580 mkr. en Stróki 1.610 mkr. Skiptast þessi framlög í beinan fjárstuðning, námskeiðshald fyrir börn og unglinga og greiðslur fyrir vinnuframlag.

08 HREINLÆTISMÁL

Útgjöld málaflokksins hafa þróast á svofelldan hátt;

| Ársreikningur 2013 | Fjárhagsáætlun 2014 | Fjárhagsáætlun 2015 |
|--------------------|---------------------|---------------------|
| 16.711.000 | 6.207.000 | 4.548.000 |

Við lokun urðunarstaðarins að Kirkjuferjuháleigu þann 1. desember 2009 jókst kostnaður við urðun þar sem öllu sorpi sem fer til urðunar er nú ekið að urðunarstað í Álfsnesi en þar eru urðunargjöld ríflega 300% hærrí en var á Kirkjuferju. Því er mikilvægt að leitað verði allra leiða til að minnka það sorp sem fer til urðunar. Í ljósi þessa var tekin sú ákvörðun árið 2009 að auka flokkun til mikilla muna og innleiða í bæjarfélaginu svokallað þriggja tunnu kerfi en þar er endurvinnanlegt sorp flokkað sérstaklega og lífrænt sorp einnig en það er síðan jarðgert í sérstakri jarðgerðarstöð sem staðsett er á Selfossi.

Flokkun hófst í desember 2009 og hefur gengið vonum framár. Árið 2015 mun sorphirðugjald verða 16.860,- pr íbúð, sorphirðunargjald verður 13.180,- pr. íbúð. Í árslok 2014 fór fram útboð á sorphirðu bæjarins, lægstbjóðandi var Gámaþjónustan sem tók við sorphirðu í bæjarfélaginu 1. mars 2014.

08-05 Heilbrigðiseftirlit

Embætti heilbrigðisfulltrúans á Suðurlandi sem staðsett er á Selfossi, hefur á hendi framkvæmd heilbrigðisreglugerðar og sinnir eftirliti í því sambandi í Hveragerði.

- 9410-1Hveragerðisbær greiðir til rekstur embættis Heilbrigðiseftirlits Suðurlands hlutfallslega í samræmi við íbúafjölda.

08-21 Sorphreinsun

Tekjur vegna álagningar sorphirðugjalda, sbr. gjaldskrá nema 14.769 þús.kr. Kostnaður vegna sorphirðu í bæjarfélaginu nemur kr. 9.790 þús.kr.

08-22 Gámasvæði

Hveragerðisbær starfrækir gámasvæði við áhaldahús bæjarins við Bláskóga. Inn á þennan lykil færast gjöld vegna reksturs svæðisins. Kostnaður Hveragerðisbæjar vegna reksturs gámasvæðis er áætlaður kr.5.720 þús. kr.

Gámasvæðið er núna opið alla daga vikunnar, nema sunnudaga.

Virka dagar frá kl. 16:00 - 18:00

Laugardaga frá kl. 14:00 – 18:00

08-23 Sorpurðun

Hveragerðisbær er aðili að Sorpstöð Suðurlands og mun urða sorp að Álfnesi skv. samningi þar um. Inn á þennan lykil færast gjöld vegna urðunar á heimilissorpi og almennu sorpi frá gámasvæðinu við Bláskóga. Á tekjuliðinn færast sorpurðunargjald sem innheimt er af heimilum. Tekjur vegna sorpurðunargjalds nema. 11.546 þús. kr. Gjöld vegna urðunar verða 13.288 þús. kr.

08-57 Dýraeftirlit

Árgjald hundaleyfis verður kr. 17.450 á dýr og er innifalið í gjaldinu m.a. merki, árleg hreinsun og trygging. Skráningargjald verður kr. 18.030,- Afsláttur er gefinn 25% af árgjaldi hafi eigandi hunds sótt námskeið í hundauppeldi. Örorku- og ellilífeyrisþegar fá sama afslátt. Á þennan útgjaldalið er einnig færður kostnaður vegna dýraeftirlits.

Í tekjuforsendum er gert ráð fyrir árgjaldi vegna katta kr. 3.490,- er standa á straum af kostnaði við dýraeftirlit. Einnig skal greiða skráningargjald vegna katta kr. 2.230,-.

Samningur er við Kristján Jónsson um dýraeftirlit og einnig er í gildi samkomulag við Árborg um geymslu á dýrum sem dýraeftirlitsmaður fangar.

09 SKIPULAGS- OG BYGGINGAMÁL

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

| Ársreikningur 2013 | Fjárhagsáætlun 2014 | Fjárhagsáætlun 2015 |
|--------------------|---------------------|---------------------|
| 9.260.000 | 15.760.000 | 17.623.000 |

09-21 Skipulags- og byggingarnefnd.

Gert er ráð fyrir 8 fundum skipulags- og byggingarnefndar á árinu.

09-22 Aðalskipulag

Ákvörðun hefur verið tekin um að hefja endurskoðun aðalskipulags Hveragerðisbæjar á árinu. Gert er ráð fyrir að verkið munu taka 2-3 ár.

09-23 Deiliskipulag

Unnið er að gerð deiliskipulags á svokölluðum Grímsstaðareit þar sem gert er ráð fyrir um 55 íbúðum. ASK arkitektar vinna tillögurnar á grundvelli hugmynda úr vinningstillögu miðbæjarsamkeppninnar frá 2008. Einnig er í gangi vinna við gerð deiliskipulags neðan þjóðveggar þar sem til munu verða stórar lóðir fyrir atvinnustarfsemi.

09-52 Bygginga- og tæknideild

Gert er ráð fyrir að tæknideild vinni hluta af tæknivinnu bæjarins, sjái um útboð, tilboð og hafi eftirlit með þeim verkum sem í gangi eru á hverjum tíma. Gjaldskrá byggingargjalda, hefur ekki tekið breytingum undanfarin ár.

- 0750-1 Reiknuð önnur þjónusta til eiganda. Gert er ráð fyrir að stofnanir bæjarins taki þátt í rekstri bygginga- og tæknideildar sem hér segir:

| | |
|---------------------------------------|---------------|
| Eignasjóður Hveragerðisbæjar | Kr. 4.726.000 |
| Félagsbústaðir Hveragerðisbæjar | Kr. 405.000 |
| Fráveita Hveragerðisbæjar | Kr. 1.080.000 |
| Vatnsveita Hveragerðisbæjar | Kr. 1.080.000 |
| Fasteignafélag Hveragerðisbæjar | Kr. 405.000 |
| Þjónustumiðstöð Hveragerðisbæjar | Kr. 675.000 |
| Samtals fært á aðrar rekstrareiningar | Kr. 8.371.000 |

10 UMFERÐAR- OG SAMGÖNGUMÁL

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast á svofelldan hátt;

| Ársreikningur 2013 | Fjárhagsáætlun 2014 | Fjárhagsáætlun 2015 |
|--------------------|---------------------|---------------------|
| 54.092.000 | 49.240.000 | 59.159.000 |

Samkvæmt reikningsskilareglum skal fjárfesting í nýjum gatnakerfum (götur, gangstéttar og stígar, göngubrýr og mislæg gatnamót, götuvatnar,

gatnalýsing o.fl.) eignfærð, að frádregnum gatnagerðargjöldum, og afskrifuð í samræmi við almenna reikningskilavenju og er viðmiðunarlíftími gatnakerfis 25 ár.

10-31 Viðhald gatna og gangstétta

Á þennan útgjaldalið er fært viðhald vegna gatna og gangstétta.

- 0990-1 Endurgreiðslur frá Vegagerðinni eru hættar og sér Vegagerðin nú sjálf um viðhald og rekstur þeirra þjóðvega í þéttbýli sem undir þá heyra. Sú breyting jók kostnað bæjarfélagsins þar sem á sama tíma var gerð breyting á því hvaða vegir féllu undir Vegagerðina.
- 4980-1 Aðkeypt vinna. Gert er ráð fyrir aðkeyptri vinnu við endurbætur gatnakerfis og gangstétta kr. 3,5 milljónir.

10-53 Gangbrautir og umferðamerking

Gert er ráð fyrir kr. 3,9 mkr í viðhald gangbrauta og umferðamerkingar.

10-59 Götulýsing

Á þennan útgjaldalið er færður kostnaður vegna götulýsingar. Þann 1. september 2003 hóf Hveragerðisbær greiðslu til RARIK samkvæmt gjaldskrá fyrir götulýsingu. Gert er ráð fyrir 12 mkr til þessa liðar.

10-61 Snjómokstur og hálkueyðing

Á þennan útgjaldalið er færður kostnaður vegna snjómoksturs og hálkueyðingar.

10-71 Almenningsamgöngur

Á árinu 2008 tóku Hveragerðisbær og sveitarfélagið Árborg yfir rekstur almenningsamgangna milli sveitarfélaganna og höfuðborgarsvæðisins. Í kjölfar þess var skrifað undir samstarfssamning við Strætó bs um umsjón með akstri á þessari sömu leið. Á árinu 2009 var aksturinn boðinn út og búrúst hagstæð tilboð. Í kjölfarið var gengið til samninga við SBA - Norðurleið og framlag ársins 2010 lækkaði til muna. Þann 1. janúar 2012 tók SASS yfir reksturinn og gerðir voru nýir samningar við Vegagerðina, Strætó og akstursaðila um málaflokkinn.

Á þennan lið eru færðar kr. 50.000 vegna endurgreiðslu til námsmanna. Sala farmiða og korta færðist frá bæjarskrifstofu til Upplýsingamiðstöðvar á árinu 2013.

11 UMHVERFISMÁL

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

| Ársreikningur 2013 | Fjárhagsáætlun 2014 | Fjárhagsáætlun 2015 |
|--------------------|---------------------|---------------------|
| 23.802.000 | 28.887.000 | 58.496.000 |

11-01 Umhverfisnefnd

Gert er ráð fyrir Garðyrkju- og blómasýningunni Blóm í bæ eins og haldin hefur verið undanfarin fjögur ár. Sýningin verður væntanlega haldin síðustu helgina í júní. Til hennar eru settar 3 mkr.

11-02 Umhverfisfulltrúi

0750-1 Reiknuð önnur þjónusta til eiganda. Gert er ráð fyrir að stofnanir bæjarins taki þátt í rekstri umhverfisfulltrúa sem hér segir:

| | |
|---------------------------------------|---------------|
| Eignasjóður Hveragerðisbæjar | Kr. 3.833.000 |
| Félagsbústaðir Hveragerðisbæjar | Kr. 329.000 |
| Fráveita Hveragerðisbæjar | Kr. 876.000 |
| Vatnsveita Hveragerðisbæjar | Kr. 876.000 |
| Þjónustumiðstöð Hveragerðisbæjar | Kr. 548.000 |
| Samtals færð á aðrar rekstrareiningar | Kr. 6.462.000 |

11-03 Vinnuskólinn

Gert er ráð fyrir 21.810 mkr til starfsemi Vinnuskólans. Skipulag hans verður með sama sniði og undanfarin ár en bæjarráð tekur ákvörðun um skipan vinnutíma, launakjör og annað fyrirkomulag í reglum sem settar verða í upphafi árs 2015. Skólagarðar og kofasmíði eru rekin samhliða Vinnuskóla.

11-04 Sjálfbær þróun

Verkefni tengd sjálfbæru samfélagi eru færð á þennan lið. Til hans eru settar kr. 50 þúsund til þess árið 2015 til að mæta tilfallandi kostnaði vegna verkefnanna.

11-10 Aðrir leikvelli

Á þennan lið er færður kostnaður vegna viðhalds leikvalla en gert er ráð fyrir að 1,696 þúsund fari til viðhalds og endurnýjunar leikvalla.

11-21 Skrúðgarður Fossflöt

Gert er ráð fyrir kostnaði við umhirðu garðsins kr. 1,169 þúsund.

11-23 Inngangshús við Hverasvæði

Gert er ráð fyrir starfsmannahaldi yfir sumartímann. Tekjur vegna aðgangseyris eru áætlaðar kr. 5,5 mkr. Á árinu 2013 var hafin gjaldtaka af gestum svæðisins og greiddar kr. 200,- í aðgangseyri fyrir fullorðna einstaklinga. Gert er ráð fyrir að af húsinu séu hefðbundin útgjöld.

11-27 Sláttur og áburður

Gert er ráð fyrir kostnaði við þennan lið 6 mkr. Nýtt úboð á slætti á opnum svæðum bæjarfélagsins mun fara fram í upphafi árs 2015.

11-28 Önnur garðavinna

Á þennan útgjaldalið er einkum færður kostnaður við áburð, illgresiseyðingu, haustlauka, sumarblóm og trjágróður, ásamt daglaunavinnu áhaldahúss vegna umhirðu bæjarfélagsins.

Hér er gert ráð fyrir 850 þús. í aðkeyptri vinnu. Aðkeypt efni vegna garðavinnu verður kr. 1,7 mkr. Annar rekstrarkostnaður mun nema 3 mkr. Gert er ráð fyrir að sú upphæð skiptist með eftirfarandi hætti. 500 þús í Hallgrímsgarð, 1 mkr í þjatt, 500 þús. í bekki og 1 mkr í annað. Auk þessa er gert ráð fyrir vinnuframlagi áhaldahúss.

11-48 Jöfnun úrgangsmoldar

Kostnaður vegna jöfnunar úrgangsmoldar og frágangur við jarðvegstipp í Hvammi fellur til á þessum lið.

Gert er ráð fyrir kostnaði við þennan útgjaldalið um 0,713 mkr.

11-61 Jólahátíð

Á þennan lið er bókaður kostnaður við jólahátíð. Í honum felst uppsetning jólaskreytinga á götum og húseignum bæjarins og jólakveðjur Hveragerðisbæjar. Til þessa liðar eru settar 4,032 mkr.

11-63 Áramótabrenna

Gert er ráð fyrir óbreyttum kostnaði við þennan útgjaldalið og undanfarin ár en áramótabrenna er við Þverbrekkur og sér HSSH um hefðbundna flugeldasýningu.

13 ATVINNUMÁL

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

| Ársreikningur 2013 | Fjárhagsáætlun 2014 | Fjárhagsáætlun 2015 |
|--------------------|---------------------|---------------------|
| 6.038.000 | 8.075.000 | 4.692.000 |

13-62 Upplýsingamiðstöð Suðurlands

Upplýsingamiðstöð Suðurlands starfar sem upplýsingamiðstöð í flokki 1 á landsvísu. Samstarfsaðilar eru Ferðamálaráð, Ferðamálasamtök Suðurlands og Atvinnuþróunarfélag Suðurlands(SASS) Einnig er rekið í Upplýsingamiðstöðinni pósthús í samvinnu við Póstinn.

Upplýsingamiðstöðin var opnuð 1. júlí 2000. Upplýsingamiðstöðin er í leiguhúsnæði að Sunnumörk 2. Samkvæmt samningi á Hveragerðisbær að setja kr. 2.9 milljónir til reksturs Upplýsingamiðstöðvar en frá upphafi starfseminnar hefur bæjarfélagið ávallt lagt til mun meiri fjármuni, nú er gert ráð fyrir raunverulegu framlagi bæjarins kr. 3,3 mkr. Fagråd starfar sem stjórn Upplýsingamiðstöðvar Suðurlands og er bæjarstjóri formaður þess.

21 SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Framlög til málaflokksins hafa þróast með svofelldum hætti:

| Ársreikningur 2013 | Fjárhagsáætlun 2014 | Fjárhagsáætlun 2015 |
|--------------------|---------------------|---------------------|
| 88.932.000 | 123.959.000 | 126.734.000 |

21-01 Bæjarstjórn

Fulltrúar í bæjarstjórn fá greiddar fastar mánaðarlegar greiðslur fyrir störf sín. Fundir bæjarstjórnar eru haldnir annan fimmtudag í mánuði samkvæmt samþykktum um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar. Bæjarstjórn er venjulega í fríi í júlí og ágúst og er bæjarráði þá falin fullnaðarafgreiðsla mála enda sé afgreiðsla mála án ágreinings. Fundir bæjarstjórnar eru öllum opnir.

Gert er ráð fyrir stuðningi við stjórnarmálaflokka í samræmi við reglur sveitarfélagsins þar um. Einnig veitir sveitarfélagið styrk til greiðslu fasteignagjalda af húsnæði í eigu félaganna. Á liðinn óráðstafað til síðari nota eru settar 31 mkr, þar af eru 13 mkr sérstaklega til ráðstöfunar vegna forfalla starfsmanna Hveragerðisbæjar. Gert er ráð fyrir að forstöðumenn sækji í þennan sjóð sjái þeir fram á þörf fyrir

aukafjárveitingu vegna forfalla. Einnig eru settar til hliðar 15 mkr vegna væntra kjarasamninga og áhrifa þeirra á rekstur 2015. Til síðari ráðstöfunar bæjarstjórnar eru settar 3 mkr

21-02 Bæjarráð

Gert er ráð fyrir að bæjarráð fundi 24 sinnum á árinu. Fundir bæjarráðs eru 1. og 3. fimmtudag í hverjum mánuði. Fundir bæjarráðs eru lokaðir. Á liðinn óráðstafað til síðari nota eru settar 1,5 mkr til kynningarmála og annarra verkefna.

21-07 Endurskoðun

Endurskoðandi Hveragerðisbæjar er Ólafur Gestsson hjá PWC ehf.

21-11 Kosningar

Ekki er gert ráð fyrir kosningum á árinu 2015.

21-40 Bæjarskrifstofa

Framlög til málaflokksins hafa þróast með svofelldum hætti:

| Ársreikningur 2013 | Fjárhagsáætlun 2014 | Fjárhagsáætlun 2015 |
|--------------------|---------------------|---------------------|
| 45.451.000 | 49.951.000 | 52.196.000 |

- 0780-1 Eftirtaldar stofnanir greiða þátttöku í rekstri bæjarskrifstofu:

| | | |
|----------------------------------|-----|------------|
| Eignasjóður Hveragerðisbæjar | Kr. | 8.086.000 |
| Félagsbústaðir Hveragerðisbæjar | Kr. | 1.617.000 |
| Fráveita Hveragerðisbæjar | Kr. | 6.469.000 |
| Vatnsveita Hveragerðisbæjar | Kr. | 6.469.000 |
| Þjónustumiðstöð Hveragerðisbæjar | Kr. | 2.426.000 |
| Fasteignafélag Hveragerðisbæjar | Kr. | 2.426.000 |
| Heimilið Birkimörk | Kr. | 1.171.000 |
| Samtals | Kr. | 28.664.000 |

- 1110-1 Heimilið stöðugildi á bæjarskrifstofum eru 4,9 með stöðugildi bæjarstjóra. Gert er ráð fyrir ráðningu afleysingamanns í sumarleyfum starfsmanna.

21-45 Álagning og innheimta

Gert er ráð fyrir 6,7 mkr vegna álagningar og innheimtu. Skiptist sú fjárhæð í kostnað bæjarins vegna þjónustu Momentum sem sinnir milliinnheimtu Hveragerðisbæjar og í kaup á álagningarskrá fasteigna og greiðslu bæjarins vegna innheimtu staðgreiðslu.

21-51 Vinabæjamót - móttaka gesta

Engin vinabæjamót eru áætluð á árinu en til þessa liðar eru settar kr. 300 þúsund á árinu til að mæta kostnaði við móttöku gesta.

21-55 Kynning bæjarfélagsins

Á þennan lið eru færð útgjöld til starfsemi sem miðar að því að upplýsa íbúa Hveragerðisbæjar, ferðamenn og aðra um þá þjónustu sem er í boði í bæjarfélaginu. Kostnaður vegna heimasíðu færist á þennan lið.

21-61 Kjarasamningar

Hveragerðisbær er aðili að Launanefnd sveitafélaga. Launanefndin hefur umboð frá Hveragerðisbæ til að semja við bæjarstarfsmenn sem eru félagar í FOSS, Félagi opinberra starfsmanna á Suðurlandi, Félagi tæknifræðinga og stéttarfélögum kennara. Á þennan útgjaldalið er færður kostnaður vegna starfskjara- og starfsmatsnefnda sem og kostnaðarhlutdeildar við Launanefnd sveitarfélaga.

21-62 Starfsmannahald

Á þennan útgjaldalið er færður kostnaður vegna váttrygginga starfsfólks ásamt framlagi til Starfsmannafélags Hveragerðisbæjar. Gerður var samningur um trúnaðarlæknisþjónustu við Heilbrigðisstofnun Suðurlands árið 2008. Í þeim samningi er gert ráð fyrir hefðbundinni trúnaðarlæknisþjónustu auk fræðslufunda og almennrar heilsueflingar starfsmanna. Kostnaður vegna samningsins 0,7 mkr færist á þennan lið.

21-71 Framlag til Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Atvinnuþróunarfélag Suðurlands var lagt niður frá og með 1. janúar 2015 og starfsemi þess færð undir SASS. Framlög til SASS taka mið af þessari breytingu.

| Ársreikningur 2013 | Fjárhagsáætlun 2014 | Fjárhagsáætlun 2015 |
|--------------------|---------------------|---------------------|
| 4.746.000 | 3.805.000 | 3.720.000 |

21-72 Framlag til Héraðsnefndar Árnesinga

Framlagið sem er ákvarðað í samræmi við fjárhagsáætlun Héraðsnefndar fyrir árið 2015 hefur próast með svofelldum hætti:

| Ársreikningur 2013 | Fjárhagsáætlun 2014 | Fjárhagsáætlun 2015 |
|--------------------|---------------------|---------------------|
| 480.000 | 552.000 | 552.000 |

21-92 Afskriftir og niðurfærsla

Á þennan gjaldalið er áætlað fyrir töpuðum kröfum bæjarsjóðs.

31 EIGNASJÓÐUR

Í samræmi við reikningsskilareglur sveitarfélaga eru allar eignir A-hluta bæjarsjóðs eignfærðar í sérstökum eignasjóði og afskrifaðar miðað við áætlaðan endingartíma þeirra. Afgjald til þess að mæta afskriftum, fjármagnskostnaði og viðhaldi er reiknað til tekna hjá eignarsjóði en til gjalda á mismunandi málaflokka. Afgjaldið sem Eignasjóður reiknar vegna “afnota” viðkomandi eignar er þrennskonar, í fyrsta lagi er afgjald sem tekur mið af almennum þjónustubyggingum sveitarfélaga en það er samkvæmt eftirfarandi;

| | |
|------------------------|---------------|
| Afgjald | |
| Fjármagnskostnaður | 5,50% |
| Afskriftir | 2,50% |
| Skattar og tryggingar | 1,20% |
| Viðhald húsa og lóða | 2,00% |
| Umsýslukostnaður | 0,50% |
| Afgjald samtals | 11,70% |

Í öðru lagi er afgjald sem tekur mið af húsnæði sem nýtt er fyrir leikskóla en þar er viðhaldspáttur 3,00% og afgjaldið því 12,70%.

Í þriðja lagi er afgjald sem tekur mið af eignum sem eru að fullu afskrifaðar en þar er afgjaldið 9,20%.

Eignir sem tilheyra Eignasjóði:

| | | |
|--------------|---------------------|---------------------------|
| 31-26 | Austurmörk 20 | Áhaldahús |
| 31-28 | Breiðumörk 26 | Skólastofur (Mjólkurbú) |
| 31-29 | Pórsmörk 1A | Frístundaskóli |
| 31-32 | Austurmörk 20 | Slökkvistöð |
| 31-33 | Breiðamörk 24 | Verkmenntahús (Kaupfélag) |
| 31-36 | Breiðumörk 31 | Listamannahús |
| 31-37 | Skólamörk 6 | Grunnskóli |
| 31-38 | Breiðamörk | Leikskólinn Undraland |
| 31-39 | Laugarskarð | Sundlaug |
| 31-40 | Reykjamörk | Tjaldsvæði |
| 31-41 | Hveramörk | Aðstöðuhús á Hverasvæðinu |
| 31-42 | Skólamörk 2 | Íþróttahús |
| 31-43 | Aðstöðuhús | V. Grýluvöll |
| 31-45 | Finnmörk 1 | Leikskólinn Óskaland |
| 31-47 | Sunnumörk | Leiguhúsnæði |
| 31-49 | Lækjarbrún 9 | Dagvist aldraðra |
| 31-51 | Bifreið v/ fatlaðra | |
| 31-61 | Birkimörk 21-27 | Heimili f. fatlað fólk |
| 31-62 | Gatnakerfi | |

Helstu kostnaðarliðir vegna viðhaldsframkvæmda á eignum bæjarins eru:

- **Austurmörk 20 – áhaldahús**
Gert er ráð fyrir viðhaldi fyrir 600 þúsund. Viðgerð á þakrennum og aksturshurð.
- **Austurmörk 20 – slökkvistöð**
Gert er ráð fyrir viðhaldi fyrir 1 mkr. Viðgerð á þakrennum og tilfallandi viðhald.
- **Grunnskólinn í Hveragerði**

Gert er ráð fyrir viðhaldi húsa fyrir 8 mkr. Vaskar í eldri kennslustofur og annað tilfallandi viðhald.
Gert er ráð fyrir viðhaldi lóðar fyrir 600 þúsund.

- **Leikskólinn Undraland**

Gert er ráð fyrir viðhaldi fyrir húss og lóðar fyrir 3 mkr.

- **Sundlaugin Laugaskarði**

Gert er ráð fyrir viðhaldi húss og lóðar fyrir 3,3 mkr.

- **Inngangshús við Hveramörk**

Gert er ráð fyrir að gerður verði goshver annað hvort í Hveragarðinum eða annars staðar í bæjarfélaginu þar sem það gæti betur hentað.

- **Íþróttahús við Skólamörk**

Gert er ráð fyrir viðhaldi húss fyrir 4,5 mkr. Brunavarnir, neysluvatnslagnir að sturtum og annað viðhald.

- **Leikskólinn Óskaland**

Gerð er ráð fyrir viðhaldi húss fyrir 1,2 mkr. Brunavarnir og fleira.

Til viðhalds lóðar eru settar 600 þúsund kr.

33 ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

| Ársreikningur 2013 | Fjárhagsáætlun 2014 | Fjárhagsáætlun 2015 |
|--------------------|---------------------|---------------------|
| 19.079.000 | 12.796.000 | 15.583.000 |

33-11 Daglaunamenn

- 0730-1 Reiknuð vinna til eigin nota.
- 1110-1 Mánaðarlaun, laun lausráðinna, yfirvinna og launatengd gjöld. Gert er ráð fyrir 4 stöðugildum í áhaldahúsi auk 2 stöðugilda í sumarafleysingar.

33-21 Annar rekstrarkostnaður áhaldahúss

Gert er ráð fyrir svipuðum kostnaði við þennan útgjaldalið og á undanförunum árum.

47 VATNSVEITA

Dreifikerfi Vatnsveitu Hveragerðisbæjar nær til alls sveitarfélagsins að frátaldri lóð Náttúruvæðingafélags Íslands en félagið rekur sína eigin vatnsveitu. Auk þess nær dreifikerfið til orlofsbyggðarinnar Ölfusborga, Ölfusi skv. sérstökum samningi þar um.

Heildartekjur vatnsveitu hafa þróast með eftirfarandi hætti:

| Ársreikningur 2013 | Fjárhagsáætlun 2014 | Fjárhagsáætlun 2015 |
|--------------------|---------------------|---------------------|
| 42.268.000 | 42.634.000 | 36.146.000 |

47-01 Vatnsgjald/Notkunargjald

Vatnsveita Hveragerðisbæjar innheimtir vatns- og notkunargjald skv. lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004. Álagningarstofn vatnsgjalds er fasteignamat fasteigna sem vatnsins geta notið og er álagningarprósentan fyrir árið 2015 0,1% af fasteignamati fasteigna í A – flokki en 0,18% af fasteignum í B-flokki. Innheimta aukavatnsgjalds hjá öllum fyrirtækjum í Hveragerði hófst síðla árs 2007 og verður óbreytt eða 10 kr. pr. tonn. Jafnframt er innheimt mælaleiga sem er föst krónutala ákvörðuð af bæjarráði en mælar hafa verið settir upp í fyrirtækjum bæjarins. Mælaleiga verður af minni mælum kr. 6.750,- og af stærri mælum kr. 26.700,-. Er þessi upphæð í samræmi við raunkostnað við mælana.

47-02 Heimæðargjald

Vatnsveita Hveragerðisbæjar innheimtir heimæðargjald fyrir lagningu heimæða til notenda skv. lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004. Heimæðargjald er skv. ákvörðun bæjarstjórnar hverju sinni. Ekki er gert ráð fyrir neinum tekjum á þessum lið árið 2015.

47-11 Vatnsból og dælur

Vatnsveita Hveragerðisbæjar starfrækir eitt vatnsból, á Selhæðum norðan Hamars eru þrjár borholur sem gefa samtals um 60 l/sek Hámarks vatnspörf bæjarins er nú um 45 l/sek. Vatni er dælt frá Selhæðum inn á aðveitukerfi vatnsveitunnar.

Til þessa liðar eru settar 7,2 m.kr. á árinu 2015.

47-21 Aðveitukerfi

Aðveitukerfi liggur frá vatnsbólum á Selhæðum að miðlunartanki sem er staðsettur undir austurhlíðum Hamarsins. Miðlunartankurinn er hluti af aðveitukerfi bæjarins og tekur 750 tonn af vatni.

47-31 Dreifikerfi

Hveragerðisbær dreifir vatni um dreifikerfi vatnsveitunnar, frá miðlunartanki til notenda. Dreifikerfið nær frá miðlunartanki að heimæðum. Inn á þennan lykil færast gjöld vegna reksturs dreifikerfisins.

47-32 Heimæðar

Vatnsveita Hveragerðisbæjar sér um lagningu allra heimæða og annast og kostar viðhald þeirra. Heimæðar, sem lagðar hafa verið fyrir 1. janúar 1992 verða eign vatnsveitu Hveragerðis í framhaldi af endurnýjun vatnsveitunnar á þeim. Eignarhald á öðrum heimæðum skal vera óbreytt nema um annað náist samkomulag milli Hveragerðisbæjar og eiganda heimæðarinnar. Eigandi heimæðar kostar viðhald hennar. Inn á þennan lykil færast gjöld vegna reksturs heimæða. Gert er ráð fyrir að til þessa liðar verði varið 2 m.kr. á árinu 2015.

47-61 Stjórnun

Inn á þennan lykil færast gjöld vegna stjórnunar- og skrifstofuhalds vatnsveitunnar, s.s. félagsgjöld, tryggingar og þátttaka í rekstri tækniæildar, mannvirkja - og umhverfisfulltrúa og bæjarskrifstofunnar.

49 FRÁVEITA

Fráveita Hveragerðisbæjar starfrækir fráveitukerfi sem nær frá lóðarmörkum lóða í Hveragerði að viðtaka sem er fráveitumannvirki að Vorsabæ. Fráveitukerfið í Hveragerði er tvöfalt kerfi, skólp- og regnvatnskerfi. Lóðarhafar sjá um viðhald á lögnum frá húsum sínum að lóðarmörkum.

Heildartekjur fráveitu hafa þróast með svofelldum hætti:

| Ársreikningur 2013 | Fjárhagsáætlun 2014 | Fjárhagsáætlun 2015 |
|--------------------|---------------------|---------------------|
| 70.131.000 | 70.716.000 | 74.122.000 |

49-04 Fráveitugjald

Fráveita Hveragerðisbæjar innheimtir fráveitugjald skv. lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009. . Álagningarstofninn er fasteignamat fasteigna sem tengjast fráveitukerfi bæjarins og er álagningarprósentan fyrir árið 2015 0,28% af fasteignamati fasteigna í A, B og C flokki.

49-05 Tengigjald fráveitu

Ekki er gert ráð fyrir neinum tekjum á þessum lið árið 2015.

49-11 Viðhald og rekstur fráveitu

Árið 2015 er gert ráð fyrir viðhaldi og rekstri fráveitu að upphæð 5,6 m.kr.

49-13 Skólphreinsistöð

Á vormánuðum árið 2002 var tekin í notkun skólphreinsistöð á bökkum Varmár sem uppfyllir ákvæði laga um höllustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Vegna stóraukins kostnaðar við flutning og urðun seyru að Álfsnesi hefur hún verið tiil jarðvegsbóta og skógræktar m.a. á lóð hreinsistöðvarinnar. Gert er ráð fyrir framkvæmdum við malarbeð og frágang á árinu 2015 að upphæð 2,0 m.kr.

57 FÉLAGSBÚSTAÐIR HVERAGERÐISBÆJAR

57-01 Stjórnunarkostnaður

Gert er ráð fyrir hlutdeild félagsbústaða í sameiginlegum kostnaði Hveragerðisbæjar. Þarna er einnig gert ráð fyrir kr. 0,5 mkr í tilfallandi viðhald á húsnæði á vegum Hveragerðisbæjar.

| | |
|-------|--------------|
| | Heiti eignar |
| 57-21 | Heiðmörk 24h |
| 57-24 | Heiðmörk 10 |

61 FASTEIGNAFÉLAG HVERAGERÐIS

61-01 Yfirstjórn

Gert er ráð fyrir 5 fundum í stjórn Fasteignafélags Hveragerðis á árinu 2015. Gert er ráð fyrir endurskoðun og ráðgjafarþjónustu á árinu 2015 0,2 mkr. Gert er ráð fyrir hlutdeild fasteignafélagsins í sameiginlegum kostnaði Hveragerðisbæjar.

61-10 Hamarshöll

Gert er ráð fyrir leigutekjum frá Hveragerðisbæ 15 mkr. Einnig er gert ráð fyrir sérfræðikostnaði 0,5 mkr og almennu viðhaldi 3,5 mkr.